

## REGLUGERÐ

### um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1491 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IFRS-staðal 17.

#### 1. gr.

Eftirtalin reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB), sem vísað er til í lið 10ba í XXII. viðauka við samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 108/2023, frá 28. apríl 2023, um breytingu á XXII. viðauka við EES-samninginn (Félagaréttur), skal öðlast gildi hér á landi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af XXII. viðauka samningsins, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins:

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1491 frá 8. september 2022 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IFRS-staðal 17.

#### 2. gr.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2022/1491 er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi ESB, nr. 40/2023, 25. maí 2023, bls. 287-290.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 127. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga, skal gilda fyrir félög sem skylt er að eða nýta sér heimild til að semja ársreikninga sína og samstæðu-reikninga í samræmi við innleidda alþjóðlega reikningsskilastaðla, öðlast þegar gildi.

*Menningar- og viðskiptaráðuneytinu, 5. júní 2023.*

F. h. r.

**Ingvi Már Pálsson.**

*Harpa Theodórsdóttir.*